

Reykjavík, 8. september 2023

Efni: Ábendingar vegna vinnu starfshóps um skattalegt umhverfi orkuvinnslu

Í Samráðsgátt stjórnvalda hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið auglýst eftir ábendingum frá hagsmunaaðilum varðandi vinnu starfshóps um skattalegt umhverfi orkuvinnslu, sbr. fréttatilkynning ráðuneytisins, dags. 7. júní sl. Orka náttúrunnar (hér eftir ON) þakkar tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum að enda er tilefnið ærið og afar mikilvægt þjóðhagslega en bendir jafnframt á að það sé eilítið vandkvæðum sé að koma með umsögn þegar tillaga að útfærslu sé engin heldur aðeins að opnað fyrir hugmyndir.

ON telur afar mikilvægt að hér á landi ríki sátt um nýtingu auðlinda og að lögð sé áhersla á að hún sé með sjálfbærum hætti. Í því samhengi telur ON jafnframt mikilvægt að þau gjöld sem orkufyrirtæki greiði vegna orkuvinnslu hér á landi skiptist með sanngjörnum hætti á milli ríkis og sveitarfélaga og telur að þar liggja mögulega stærstur hluti þeirrar vinnu sem nauðsynleg sé til að greiða fyrir verkefnum er snúa að orkuöflun til framtíðar og tryggja þannig að nærsamfélagið njóti, með jafnari hætti til móts við ríkið, þeirra gjalda sem greidd eru nú þegar.

Aukin gjaldtaka vegna orkuvinnslu er afar flókið málefni sem þarf að skoða ofan í kjölinn áður en slíkar íþyngjandi ákvarðanir eru teknar og byggja á styrkum lagastoðum. Þá þarf jafnframt og rannsaka áhrif breytinga sem komi til greina á regluverki og skattheimtu til hlítar áður en ákvarðanir eru teknar og þá hver möguleg áhrif hennar gætu verið inn í þjóðfélagið, þ.e. á heimili og fyrirtæki til framtíðar.

Orkuvinnsla er lykilþáttur í orkuskiptunum og grundvallarforsenda þeirra. ON telur mjög mikilvægt að forsendum þeirra verkefna, sem þegar eru í burðarliðnum, verði ekki breytt á þessum tíma. Nær sé að fara í vinnu sem þessa þegar orka til orkuskiptanna verður að miklum hluta orðin tryggð. Í dag gæti þó verið gagnlegt að afmarka skoðunina við vindinn og leggja áherslu á að draga úr þeirri óvissu sem ríkir um nýtingu hans, svo sem um laga- og reglugerðaumhverfi sem og um gjaldtöku vegna hans.

ON telur jafnframt ástæðu til að benda á að tímafrestur fyrir þessa vinnu er afar stuttur og ekki í samhengi við mikilvægi verkefnisins, möguleg áhrif þess né heldur flækjustig.

Að lokum vill ON ítreka það sem fram kemur hér að ofan, að mögulega liggi vandamálið að mestu leyti í skiptingu þeirra tekna sem hið opinbera hafi nú þegar af orkuvinnslu og að hún gæti verið mun sanngjarnari. Þá lýsir ON sig reiðubúna til að koma að þeirri vinnu sem framundan er, hvort heldur með beinni þátttöku eða með aðstoð við upplýsingaöflun.

Virðingarfyllst,

